

VGK verkfræðistofa
Auður Andrésdóttir
Laugavegur 178
105 Reykjavík

2005110027
8717; 9310

Reykjavík, 14. desember 2005
/--

Efni: Hellisheiðarvirkjun. Rannsóknir á niðurrennslistvæði, Sveitarfélaginu Ölfusi - Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags. 16. nóvember 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um rannsóknir á niðurrennslistvæði Hellisheiðarvirkjunar, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a samanber lið 2 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits eftirfarandi sex aðila og bárust umsagnir frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 29. nóvember 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. nóvember 2005, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 9. desember 2005, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 30. nóvember 2005, Orkustofnun með bréfi dags. 28. nóvember 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. desember 2005.

Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með tölvupósti dags. 8. desember 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Um er að ræða framkvæmdir er lúta að niðurrennsli affallsvatns vegna núverandi Heillisheiðarvirkjunar í nágrenni við það niðurrennslistvæði sem afmarkað hefur verið innan iðnaðarsvæðis í Aðalskipulagi Ölfuss.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér styrkingu vegslóða, gerð borstæðis og gerð borholu. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leggja þurfi 1200 m langan og 4 m breiðan veg frá aflögðum kafla Suðurlandsvegar um Svínahraun og að fyrirhuguðu borstæði. Vegurinn verður lagður á gamlan vegslóða sem fyrir er. Fram kemur að fylliefni verði flutt á staðinn og er áætlað að um 2000-3000 m³ þurfi til þess að lagfæra veginn.

Gert er ráð fyrir að borstæði verði um 65x40 m að stærð og er áætlað að um 2000-3000 m³ af fylliefni þurfi í borstæðið. Að borun lokinni verði borstæðið lagfært þannig að það falli að umhverfinu og sáð verði í sár þar sem það á við. Fram kemur að allt efni og búnaður sem ekki tengist nýtingu holunnar verði fjarlægð að borun lokinni.

Í framlögðum gögnum kemur fram að borholu verði valinn staður með tilliti til niðurstaðna

jarðfræðilegra og jarðeðlisfræðilegra rannsókna á svæðinu. Áætlað sé að holan verði um 1000 m djúp og gert ráð fyrir að borvatn fái úr borholunum HN-2 eða HN-1 vestan fyrirhugaðs borstaðar. Borvatnslögn verði lögð þaðan á yfirborði meðfram fyrirhuguðum og fjarlægð að framkvæmdum loknum. Fram kemur að frárennsli frá borholu verði sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem fellur á borstæðið við hlið dælukars og er jafnað úr því á borstæðinu eftir borun. Fínni sandur er skilinn frá í sandskiljum. Þess er auk þess getið að borvatn verði leitt í svarfpróna þar sem megnið af fíngerðara borsvarfi botnfellur en því borvatni sem rennur frá svarfprónni verði beint í sprungur í hrauninu þar sem það hripi fljótt niður.

Framkvæmdaraðili telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir, vatnafar, gróður, dýralíf, menningarminjar, samgöngur og verndarsvæði verði óveruleg. Áhersla verði lögð á að raska hrauni utan núverandi slóða sem minnst og borstæði hefur verið valinn staður á lítt grónum mel. Hljóðstig getur tímabundið hækkað næst borstæðinu á bortímanum. Áhrif þess munu að líkindum ekki ná langt út fyrir borstæðið.

Orkuveita Reykjavíkur telur að fyrir liggi öll gögn um áhrif framkvæmda vegna rannsókna á niðurrensslissvæði Hellisheiðarvirkjunar í Svínahrauni. Ef vel er staðið að verki munu framkvæmdir hafa óveruleg umhverfisáhrif og því telur Orkuveitan að þær eigi ekki að teljast matsskyldar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhuguð borun rannsóknarholu og vegagerð tengd því hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn sinni ítrekar Umhverfisstofnun fyrra álit sitt í umsögn um Hellisheiðarvirkjun þess efnist að losun affallsvatns á yfirborð sé óásættanleg. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að allt affallsvatn frá Hellisheiðarvirkjun verði losað með niðurrennsli í borholur og undantekning verði aðeins gerð í neyðartilfellum. Framkvæmdaraðili vísar í úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar frá árinu 2004 og að þar komi fram að talið sé að neyðarlosun til þriggja mánaða í víðar og grunnar svelgholur, norðaustan við Litla-Reykjafell í nágrenni fyrirhugaðs stöðvarhúss sé ásættanleg. Rannsóknir bendi til að slík losun muni ekki hafa áhrif á grunnvatnskerfið og þar með á Elliðaárstraum og að ekki séu líkur á lónmyndun á yfirborði yfir svo stutt tímabil.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Fyrirhuguð framkvæmd er hluti af rannsóknum sem gera þarf til að kanna staðsetningu endanlegra niðurrensslissvæða fyrir affallsvatn úr Hellisheiðarvirkjun, en í matsskýrslu framkvæmdaraðila um stækkun Hellisheiðarvirkjunar eru kynntar hugsanlegar breytingar á niðurrensslissvæði núverandi virkjunar. Skv. framlögðum gögnum Orkuveitunnar hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvort eða með hvaða hætti breyta þurfi niðurrensslissvæði og þar með afmörkun iðnaðarsvæðis í Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Fyrirhuguð framkvæmd sé liður í því að kanna hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði sé fýsilegt til niðurrennsli affallsvatns. Leiði niðurstöður borana það í ljós muni Orkuveitan óska eftir breytingum á afmörkun iðnaðarsvæðis í Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014.

Fyrirhuguð framkvæmd er á afmörkuðu svæði innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hellisheiðarvirkjunar. Skipulagsstofnun telur að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um

umfang framkvæmdar sem og möguleg umhverfisáhrif sem af henni hljóttast. Stofnunin telur að með því fyrirkomulagi við veglagningu, gerð borstæðis og borun niðurrennslisholu verði áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á hraun, gróður, vatnafar eða hljóðstig ekki veruleg. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er lögð áhersla á að ganga um svæðið af virðingu og verða t.a.m. fylliefni keyrð á svæðið í stað þess að ryðja upp landi sem fyrir er. Fyrirhugaður vegur verður lagður á vegstæði sem fyrir er og lögð verður áhersla á að ganga frá svæðinu á haganlegan hátt eftir að borun lýkur.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitu Reykjavíkur vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að rannsóknir á niðurrennsliðssvæði Hellisheiðarvirkjunar, Sveitarfélaginu Ölfus séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Gera þarf breytingu á staðfestu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 vegna framkvæmdarinnar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. janúar 2005.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmondur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfuss, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

